

Teiknimyndapersóna

Námsmatsverkefni fyrir 9.bekk

Teiknimyndapersónan

Þið eigið að:

Hanna og búa til teiknimyndapersónu í þrívídd að eigin vali

- Veljið ykkur teiknimyndapersónu.
- Þið eigið að nota þau þrívíðu form sem við höfum lært um t.d. ferstrendingur, þrístrendingur, sívalningur, keila, kúla, píramídi... Það þarf ekki að nota öll formin.
- Teiknið upp persónuna á blað, má vera tvívíð eða þrívíð og setjið inn allar lengdarmælieiningar á persónuna þ.e.a.s. lengd, breidd og hæð á öll formin.
- Ákveðið úr hvaða efni persónan á að vera og skrifið hjá ykkur hvað ykkur vantar (hafið lengdarmælingarnar í huga). Hér þarf að koma fram allt það sem þið teljið ykkur þurfa til að búa til persónuna (t.d. pappakassi, blöð, málning o.fl.).

Skýrslan

Efst á skýrsluna skal koma fram nafn verkefnis og nöfn nemenda í hópnum.

Markmið/tilgangur

Í upphafi skal tilgreina hver er tilgangurinn eða markmiðið með þessu verkefni.

Áhöld og efni

Hér skal tekið fram hvaða áhöld og efni voru notuð við vinnslu verkefnisins.

Framkvæmd verkefnisins

Hér á að lýsa framkvæmd verkefnisins af nákvæmni, þannig að sá sem les skýrsluna ætti að geta endurtekið verkefnið með því að fylgja lýsingunni.

Lýsið persónunni og vinnuferlinu (t.d. stærðfræðilegt heiti, úr hvaða formum var hún búin til o.s.frv.). Munið að nota viðeigandi hugtök stærðfræðinnar á réttan hátt. Hér er tengill á hugtakalista í stærðfræði:

https://mms.is/sites/mms.is/files/atoms/files/hugtok_i_staerdf.pdf

Lokaútkoma

Teiknimyndapersóna í þrívídd og skýrsla.

Vandið vinnubrögð og notið tækifærið til að sýna hvað í ykkur býr
Munið að merkja bæði persónuna og skýrsluna með nöfnum ykkar.

Hæfniviðmið

- Nýtt sér tungumál stærðfræðinnar til að ræða og beita þekkingu sinni á hugtökum hennar. (Skýrslan og vinnublað með persónunni)
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra verkefna á gagnrýnin hátt. (Samvinna í hópnum – jafningja- og sjálfsmat)
- Undirbúið og flutt munnlegar kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði, m.a. með því að nota upplýsingatækni. (Kynning og skýrsla)